

málið, sem mér helst virðist nauðsynlegt að athuga fyrir oss, sem hér erum staddir fjarri fornum áttögum í nýjum heimi, er það, út á hvað vorar andlegu vatnsveitingar eigi helst að ganga. Um það geta verið og eru vissulega talsvert deildar skoðanir.

Það eru til meðal vors fólks hér í landinu tvær alveg andstæðar skoðanir þessu máli viðvíkjandi. Það er til sú skoðun, sem heldur því fram, að Íslendingar eigi hér að geyma svo vandlega þjóðerni sitt, að þeir eigi svo að segja að að girða utan um sinn þjóðflokk hér með kúverskum múrvegg. Deir eigi að svo miklu leyti sem unnt sé að útiloka sig frá áhrifum annarlegrs þjóðernis. Deir eigi að halda öllum sínu þjóðháttum svo óbreyttum, sem kringumstæður þeirra frekast leyfa. Deir eigi helst að taka sér bólfestu í nýlendum út af fyrir sig, sem sé lokaðar fyrir öllu annarra þjóða fólki. Deir eigi jafnvel eigi að láta lörmin sín læra annað mál en íslenzkuna, og því samhljóða skuli kennslan í alþýðuskólum slíkra íslenzkra byggðarlaga fara fram á íslenzku. Hugsunin er, að varðveita íslenzka þjóðernið sem allra bezt og láta það sitja fyrir öllu. Hin skoðanin, sem þessari er fjarstæðust, gengr út á það, að flyta því sem allra mest, að Íslendingar hér sleppi sínu þjóðerni og vaxi andlega og líkamlega hið allra bráðasta saman við hinn ensku-talanda lýð landsins, aðalþjóðbálkinn í landinu. Þeir, sem þessari skoðun fylgja eru svo bráðir á sér, að þeir vilja

helzt, að hér sé hætt við allt sérstaklega íslenzkt félagslíf. Deir ímynda sér, að allir slíkr félagsskapur sé ekki til annars en tefja fyrir því, að hinir hingað fluttu landar sínir verði það, sem þeir eiga að verða og hljóti fyr eða síðar í verða, reglulega ameríkanskir menn. Gæti þessir menn ríðið, þá væri alls ekkert átt hér meðal Íslendinga við íslenzk ríttstörf, ekkert íslenzkt blað eða tímarit væri hér gefið út, öll íslenzk nýlendubugsun hyrfi þá óðar, menn hætti þá alveg við að brjótaast í því að koma á íslenzkum söfnum í hinum ýmsu byggðarlögum, öll prédíkan og kirkjuleg barna-uppfræðsla á íslenzku hætti, hið íslenzka kirkjufélag yrði óðar látið deyja. Hver einstakr holaði sér andlega niðr þar sem hann bæri að, léti berast hvert sem verkast vildi með þeim þjóðlífsstraumi, sem honum væri kastað inn í. Aðalatriðið væri, að verða sem allra fyrst úr sögunni sem Íslendingr. Hin fyrri skoðanin vill varna því, að nokkrir verulegir andlegir straumar renni úr ameríkanska þjóðlífinu inn í þjóðlíf Íslendinga. Hin síðari viðurkennir ekki, að Íslendingar eigi neitt það til í hinni andlegu eigu sinni, sem eiginlega sé nokkurs virði í samahurði við það, sem hér í landinu stendur þeim til boða, og hún virðist ekki trú því, að neinn andlegr straumur, néinn minnsti lókr, geti frá íslenzku þjóðlífi streymt inn í hið andlega líf þessa lands, sem framtíð landsins geti haft nokkuð gott af. Hvortveggja skoðanin